

Bláskógabyggð.
Félagsheimilið, Aratungu
806 Selfoss

Garðabær, 22. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0005
BK

Efni: Frístundabyggð í landi Úteyjar 2

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 2. febrúar 2024, þar sem Bláskógabyggð óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu á vinnslustigi vegna breytingar á aðalskipulagi fyrir Útey 2. Breytingin nær til þess hluta af frístundasvæði F21 sem er innan Úteyjar 2 auk nýrra svæða austan Laugarvatnsvegar.

Náttúrufræðistofnun Íslands veitti þann 3. maí 2023 umsögn um skipulagslýsingu sama máls. Þar hvatti stofnunin til þess að hugmyndir um frekari uppbyggingu austan Laugarvatnsvegar yrðu endurskoðaðar. Þar væri um að ræða heillega mósaík votlendis og mólendis sem yrði raskað og brotin upp með fyrirhuguðum framkvæmdum.

Brugðist var við þessum ábendingum Náttúrufræðistofnunar með því að fella út fyrirhugaða byggð í Ósholti. Í staðinn hafa hin svæðin tvö verið stækkuð og bætt við nýju svæði í Torfholti. Heildarstærð nýrra frístundasvæða er enn sú sama eða 26 ha. Í greinargerðinni kemur einnig fram að mögulega komi til greina að stækka hverfisverndarsvæði H9 líkt og lagt var til í umsögn Náttúrufræðistofnunar

Afar jákvætt er að fallið hafi verið frá uppbyggingu í Ósholti sem og að stækkun hverfisverndarsvæðisins innan Úteyjar 2 sé til skoðunar hjá landeigendum.

Stofnunin vill þó ítreka það sem fram kom í fyrri umsögn um að 50 m mörk á milli mannvirkja og vatns er of knappt til að tryggja viðunandi fuglavernd og vill því hvetja til þess að við skipulag frístundasvæðis í Tjarnarholti verði leitast við að hafa meiri fjarlægð milli vatns og lóðamarka á suðurhluta svæðisins. Auk þess mætti horfa til þess að nýta fyrirliggjandi slóða fyrir veglagningu þar sem þess er kostur. Þá er lítil votlendisblettur innan fyrirhugaðs frístundasvæðis í Torfholti sem æskilegt væri að hlífa við raski.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

